

Alþingi
Erindi nr. Þ 134/1181
komudagur 11.3.2009

Landsbankinn

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2009

Umsögn NBI hf. (hér eftir nefndur Landsbankinn) um tillögu að þingsályktun um breytingu á eignarhaldi og varðveislu listaverka ríkisbankanna, 102. mál og um frumvarp til laga um listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþing og Giltis, 100. mál.

Vísað er til ofangreindrar þingsályktunartillögu annars vegar og lagafrumvarps hins vegar. Þar sem bæði skjölin hafa efnislega að geyma sömu ráðstöfun leyfir Landsbankinn sér að skila umsögn um bæði skjölin í einu lagi.

Að mati Landsbankans hafa engin rök verið sett fram fyrir nauðsyn eða tilgangi þeirrar ráðstöfunar að færa allt listaverkasafn í eigu bankanna yfir til ríkisins. Ef listaverk sem nú eru í eigu einhvers bankanna þriggja teljast sérstakar þjóðargersemar sem varhugavert þykir að fari úr eigu ríkisins ætti að vera hægur vandl að tilgreina þau verk og kaupa þau af bönkunum sérstaklega.

Einnig mætti hugsa sér að leggja kvaðir á bankana þannig að við einkavæðingu þeirra síðar verði þeir skyldaðir til að selja ríkinu þau listaverk sem teljast til þjóðargersema áður en af einkavæðingu verður.

Með einföldum hætti væri einnig hægt að tryggja varðveislu og aðgengi að þeim verkum sem teljast til þjóðargersema án þess að eignarhald þeirra breytist frá því sem nú er. Þannig mætti setja reglur um bann við ráðstöfun þeirra til annarra og skyldu til viðhalds þeirra. Einnig væri hægt að skylda bankana til að hafa verkin sýnileg almenningi með einhverjum hætti. Þannig mætti kveða á um að verkin skuli höfð sýnileg á afgreiðslustöðum bankanna og skylda þá til að lána einstök verk á sýnlingar hjá opinberum listasöfnum svo dæmi séu tekin.

Samkvæmt öllu ofansögðu getur Landsbankinn ekki annað en lagst eindregið gegn fram kominni þingsályktunartillögu og lagafrumvarpi um þetta efni.

Virðingarfyllt,

f.h. NBI hf.

Gunnar Viðar
Framkvæmdastjóri Lögfræðisviðs